

**Nr. 064 / 10 Alvaran*****Olíulaus og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 7493  
Smíðaður: BNA plast  
Stærð: 5,22 brl. 4,06 bt.  
Mesta lengd: 7,69 m Skráð lengd: 7,3 m  
Breidd: 2,46 m Dýpt: 1,55 m  
Vél: Volvo Penta 118 kW  
Fjöldi skipverja: 3



Alvaran©Emil Páll Jónsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 24. maí 2010 var skemmtibáturinn Alvaran á siglingu á Skerjafirði. Veður: Hægviðri.

Bátsverjar voru að sigla bátnum frá Reykjavík til Kópavogs en þegar þeir voru komnir fyrir Suðurnes urðu þeir olíulausir og létu akkeri út og óskuðu eftir aðstoð. Kom björgunarbátur frá Hjálparsveit skáta í Kópavogi og dró bátinn til hafnar í Kópavogi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að misskilningur olli því báturinn varð olíulaus. Bátsformaðurinn taldi að þeir aðilar sem höfðu verið að sigla bátnum áður hefðu tekið olíu en svo var ekki;
- að olíumælir var um borð og sýndi hann fullann tank (360 ltr.). Í ljós kom að hann hafði staðið á sér.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.